

Skipulags og byggingarráð Hafnarfjarðar Drög að verkefnalýsingu.

Verkefnalýsing vegna Þróunarverkefnis á svæði sem daglega er nefnt Flensborgarhöfn. Um er að ræða svæði sem nær frá Suðurbakka og norður fyrir sjóvarnargarð norðan Slippsins, einnig verða aðliggjandi svæði skoðuð.

Varðar; Undirbúningur skipulagsvinnu frá suðurbakka norður fyrir slippsvæði og aðliggjandi svæði.

Ástæður; Mörgum hugmyndum hefur verið kastað fram, en breyttar aðstæður og um leið vakning fyrir gæðum svæðisins (eins og það er og hvað það getur orðið) kalla á nýja hugmyndafræði. Því er mikilvægt að úbúið verði “prógramm” fyrir svæðið þar sem fjölmargir hagsmunaaðilar, opinberir jafnt sem einkaaðilar komi að borðinum með það sameiginlega markmið að nýta kosti hafnarinnar og samhengi á sem bestan hátt fyrir Hafnarfjörð og bæjarbúa.

Skipulag; (sjá þau skipulög sem eru í gildi, sem og nýtt aðalskipulag_ kallar á endurskoðun?)

Afurðin; Skipulagslýsing sem flestir hagsmunaaðilar geta unnið með í á frekari skipulagsvinnu (sjá Vogabyggð; og þann ramma sem nýttur var í kringum það svæði]

Tímaramminn; verkefnastjóri ráðinn í hálf starf (sem verktaki) í 3-5 mánuði.

Verkefnastjóri og starfhópur; Lagt er til að Magnea Guðmundsdóttir, arkitekt verði ráðin sem verkefnastjóri. Skipaður verði starfshópur með það að markmiði að skrifa lýsingu á væntanlegu skipulagi. Hópin munu skipa fulltrúar frá skipulags- og byggingarráði, hafnarstjórn ásamt fulltrúum hagsmunaaðila á skipulagssvæðinu. Einnig munu sitja í hópnum aðilar frá skipulags- og byggingarsviði og höfninni.

Kostnaðarramminn; Verkefnið er samstarfsverkefni skipulags- og byggingarsviðs og hafnarinnar. Sviðstjóra skipulags- og byggingarsviðs er falið að ræða við verkefnastjóra og ganga frá samningi á grundvelli þessarar verkefnalýsingar í samráði við hafnarstjóra. Samningur við verkefnastjórnann verður lagður fram á næsta fundi hópsins.